

## Reglur Flóahrepps um uppgjör við ráðna veiðimenn og greiðslu fyrir unna refi og minka.

### Refaveiði:

- 1) Engum nema ráðnum refaveiðimönnum verður greitt úr sveitarsjóði fyrir grenjavinnslu, hvorki fasta þóknun né þóknun fyrir unnin ref (skottaverðlaun). Um minkaveiðar gildir sérstakur samningur.
- 2) Skottaverðlaun eru greidd út á sannanlega framlögð skott samkvæmt eftirfarandi sumarið 2022:  
Fullorðnir refir: 9.928 kr.  
Yrðlingar: 7.759 kr.  
Minkar 3.655 kr.  
Hvolpafull læða 18.268 kr.  
Skottaverðlaun fyrir refi uppfærast samkvæmt breytingum á vísitölu neysliverðs í maí á hverju ári.
- 3) Í septembermánuði, skulu færð inn á landakort öll þekkt greni. Skráning á grenjum ásamt útfylltri skýrslu um árangur tímabils er forsenda greiðslu úr sveitarsjóði.
- 4) Utan grenjatíma er heimilt að greiða skottaverðlaun samkvæmt viðmiðunargjaldskrá UST fyrir hlaupadýr sem veiðast í Flóahreppi, gegn framvísun veiðikorts. Skilyrði fyrir greiðslu er að viðkomandi fylli út skýrslu um refaveiði sem lagt er fram af Flóahreppi.

### Minkaveiði:

- 1) Allir þeir sem skila inn skottum af unnum mink fá greitt samkvæmt viðmiðunargjaldskrá UST. Skilyrði fyrir greiðslu er að viðkomandi fylli út skýrslu um minkaveiði sem lagt er fram af Flóahreppi.
- 2) Ekki er gerð krafa um framvísun veiðikorts vegna minkaveiða, samkvæmt upplýsingum frá UST.

Samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps 4. júní 2008 með breytingum í maí 2012

Viðmiðunarverð uppfærð  
8 júní 2022 Vísitölugrunnur í maí 2022 er 539,5  
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri